

BRÁÐABIRGÐALÖG

33

10. apríl

um breyting á lögum nr. 15 25. jan. 1934, um stofnun síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Forsætisráðherra Vor hefir tjáð Oss, að til að geta framkvæmt lög um síldarbræðsluverksmiðju á Norðurlandi, verði ekki hjá því komizt að bæta við heimild þá, er veitt er í 3. gr. laganna um lántöku allt að 1 milljón króna, ótvíraðu ákvæði um upphæð lánsins í erlendri mynt, því að öðrum kosti sé ekki hægt að fá féð erlendis, en til þess var ætlazt, er lögín voru samþykkt.

Með því að svo er ástatt, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn hera til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar 18. maí 1920.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

3. gr. í lögum nr. 15 25. jan. 1934, skal orða svo:

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., heimilast ríkisstjórninni að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, annaðhvort í krónum eða sterlingspundum, allt að 1 milljón króna eða 45000 sterlingspundum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 10. apríl 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.